

2. fundur skólanefndar FG á haustönn 2016 haldinn fimmtudaginn 27.okt. 2016 kl.12:00.

Mætt voru: Elísabet Siemsen skólameistari, Steinþór Einarsson formaður, Áslaug Hulda Jónsdóttir varaformaður, Þorkell Máni Pétursson, Ásdís Olsen varamaður Þórunnar Sveinbjarnardóttur sem boðaði forföll og Sigrún Gísladóttir. Fundinn sátu einnig Sigrún Edda Eðvarðsdóttir fulltrúi foreldraráðs og Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari. Aðalbjörg Helgadóttir fulltrúi kennara var forfölluð og Guðbjörn Björnsson fulltrúi nemenda mætti ekki.

Dagskrá:

#### 1. Fjármál skólans

Rekstraryfirlit ásamt fleiri fylgigögnum var sent fundarmönnum fyrir fund. Skólameistari benti á að róðurinn er erfiður í framhaldsskólunum og margir skólar í erfiðri stöðu fjárhagslega. Samanburður á yfirvinnu og fjarnámskennslu sýnir að við erum á pari miðað við sama tímabil fyrir ári

Skoða þarf hvort ráða þurfi inn fleiri kennara og minnka yfirvinnu á vorönn.

Með nýrri námskrá og tilkomu hönnunar- og markaðsbrautar hefur nemendum fækkað á textílbraut þó svo að nemendur á báðum brautum taki að hluta sömu áfanga. „Design thinking“ er mikið í umræðunni núna, spurning um hvort hægt verði að tengja það við þessar brautir.

#### 2. Innritun á vorönn 2017

Innritun stendur yfir 1. - 30. nóv. – Síðustu ár hefur umsóknum á vorannir fjölgað mjög en skólinn mun væntanlega taka 40-50 nýja nemendur inn á vorönn 2017.

Um 80 nemendur eru á samningi um skólasókn á þessari önn. Allmargir nemendur hafa náð að taka námið föstum tókum með sérstöku aðhaldi en alltaf þarf að huga að nýrri nálgun.

#### 3. Félagsmál skólans

Fundargerð opins fundar rædd. Menn hissa á ákvörðunarvaldi arkitekta löngu eftir að bygging er tekin í notkun t.d. hvað litaval á veggjum varðar.

#### 4. Önnur mál.

Fulltrúi foreldraráðs sem jafnframt er stjórnarmaður í Heimili og skóla dreifði tímariti Heimilis og skóla þar sem hún ásamt Kristini skólameistara í námsleyfi skrifuðu grein um hlutverk foreldra nemenda í framhaldsskólum Viðhorf foreldra ræður miklu um stefnuna sem nemendur taka. Hugmynd er að halda fund fyrir foreldra í nóvember til að styrkja foreldra í uppeldishlutverkinu og ræða m.a. markmiðssetningu.

Á næsta fundi sem haldinn verður kringum 8. des. verður m.a. fjallað um fjarnámið.

Fundi slitið kl.13.17

Snjólaug E. Bjarnadóttir skráði fundargerð